

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frá 11. maí 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 2005 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt l. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frestað hinn 11. maí 2005.

Forsætisráðuneytinu, 12. maí 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.